

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

698. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 30. maí 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar v/ viðhaldsmála Reykjaeigna ehf.
2. Bréf Umhverfisstofnunar.
3. Erindi Birgit Kositzke.
4. Bréf Björgunarsveitarinnar Húna.
5. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frv. til sveitarstjórnarlaga, 726. mál.

Afgreiðslur:

1. Í forföllum forstöðumanns tæknideildar gerði sveitarstjóri grein fyrir úttekt tæknideildar á viðhaldi Grundar, heimavistarhúsnæðis Reykjaeigna ehf. á Reykjaskóla. Byggðarráð samþykkir að farið verði í utanhússviðhald fasteignarinnar t.d. múrviðgerðir og málun. Samþykktinni vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2011.
2. Fram lagt bréf Umhverfisstofnunar þar sem fjallað er um eftirlit með leiksvæðum og ábyrgð sveitarfélaga í því efni. Byggðarráð samþykkir að vísa bréfinu til skoðunar tæknideildar.
3. Bréf Birgit Kositzke lagt fram en þar óskar hún heimildar Húnaþings vestra til að hýsa kanínur í allt að tvö ár í skúr sem hún hefur fest kaup á og staðsettur er vestan vatnstanks á Hvammstanga. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við áætluð not í allt að tvö ár.
4. Lagt fram til kynningar bréf Björgunarsveitarinnar Húna þar sem greint er frá kaupum sveitarinnar á björgunarbáti.
5. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga lögð fram til kynningar. Byggðarráð tekur undir athugasemdir er fram koma í umsögn sambandsins við frumvarpið.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Lagt fram minnisblað LEX lögmannsstofu vegna kröfu Húnaþings vestra í þrotabú Sparisjóðsins í Keflavík. Minnisblaðinu vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:10

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson

Elín R. Líndal

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.